# Karlakór Hreppamanna
# og  Sprettskórinn
# Vor– og sumartónleikar 2025

## Þótt þú langförull legðir sérhvert land undir fót

**Á efnisskrá karlakórsperlur úr ýmsum áttum**

**Guðríðarkirkju  8. apríl kl.  20:00**
**Hveragerðiskirkju 11. apríl  kl. 20:00**
**Félagsheimilinu á Flúðum 16. apríl kl. 20:00**
**Dómkirkjunni Skálholti 27. júlí kl.16:00**

**Verið hjartanlega velkomin**







# HRUNAMANNAHREPPUR
## - HEILL HEIMUR AÐ HEIMSÆKJA









**Hrunamannahreppur er umvafinn Hvítá og Stóru Laxá. Kerlingarfjöll eru aðal aðdráttarafl hins stóra afréttar Hrunamanna.**

**Frá þéttbýlinu á Flúðum er stutt til margra helstu ferðamannastaða landsins og því eru Flúðir frábær bækistöð fyrir þig og fjölskylduna á ferðalagi um Suðurland.**

**Komdu og njóttu!**

Fjölbreytt þjónusta og afþreying er í boði og engum ætti að leiðast. Sundlaugin á Flúðum, Gamla laugin, 18 holu golfvöllur, fótboltagolf, frisbígolf, hestaferðir, flúðasiglingar, söfn og fleira. Gönguleiðir, fjöll til að klífa og gljúfur til að skoða, allt innan seilingar.

Fjöldi veitingastaða og gistimöguleika og auðvelt er að kaupa sér hollar og góðar matvörur og blóm beint frá býli.

Á Flúðum er oft langbesta veðrið á landinu, sól og hiti.* Komið því og njótið veðurblíðu og gestrisni Hrunamanna.

**Ekki missa af hátíðum og viðburðum sumarsins í Hrunamannahreppi.**

Hrunamannahreppur

www.fludir.is

*Segir Orri Ellertsson sem elskar sumrin á Flúðum.






# Kæru tónleikagestir.



*Verið hjartanlega velkomnir á vortónleika Karlakórs Hreppamanna og Sprettskórsins.*

*Karlakór Hreppamanna er kór með rætur í uppsveitum Árnessýslu, en söngmenn koma*

*mjög víða að. Ef að grannt er skoðað teygir hann anga sína um nánast allt suðvesturhorn landsins, og alla leið upp á Akranes.*

*Atli Guðlaugsson, stjórnandi kórsins nú til nokkurra ára, hefur mikinn metnað sem smitast í okkur karlana. Kórinn hefur einnig skrautperlur sér til fulltingis, undirleikarann Sigurð Helga Oddsson og einsöngvarann Bjarna Atlason.*

*Þetta er tuttugasta og áttunda starfsár kórsins og er mikið í lagt og höfum við af því tilefni tekið höndum saman með Sprettskórnum.*

*Yfirskrift tónleikanna er* ***„Þótt þú langförull legðir sérhvert land undir fót“****. Efnisskráin er þétt, með hefðbundnum íslenskum ættjarðarlögum í bland við nýrri lög sem vísa til ættjarðarinnar.*

*Hvatinn að lagavalinu er ævintýraferð á sumri komanda, er kórinn mun feta í fótspor „vesturfaranna“ og taka þátt í hátíðahöldum í Íslendingabyggðum Norður-Ameríku, í Mountain í Norður- Dakota og Gimli í Kanada, og syngja þar á 150 ára afmælishátíð landnáms Íslendinga í Vesturheimi.*

*Það er einlæg von okkar kórfélaga að þið njótið söngsins.*

*Bestu þakkir fyrir komuna.*

*Loftur S. Magnússon, formaður.*

# Efnisskrá
# vor – og sumartónleika 2025

KARLAKÓR HREPPAMANNA OG SPRETTSKÓRINN
STJÓRNANDI: ATLI GUÐLAUGSSON
PÍANÓLEIKARI: SIGURÐUR HELGI
EINSÖNGVARI: BJARNI ATLASON

ÁRNESÞING
*Sigurður Ágústsson/Eiríkur Einarsson frá Hæli*

ERLA
*Pétur Sigurðsson/Stefán frá Hvítadal/ úts. Sigurður Ágústsson*

ENN SYNGUR VORNÓTTIN
*Schrader/Tómas Guðmundsson*

VOR
*Pétur Sigurðsson/Friðrik Hansen/úts. Atli Guðlaugsson*

Á SPRENGISANDI
*Sigvaldi Kaldalóns/Grímur Thomsen/úts. Atli Guðlaugsson*

FÁKAR
*Árni Gunnarsson/Einar Benediktsson/úts. Atli Guðlaugsson*

HROSSARÉTT
*Atli Guðlaugsson*

ÞAR SEM HÁFJÖLLIN HEILÖG RÍSA
***Einsöngur: Bjarni Atlason***
*Atli Guðlaugsson/Halldór Kiljan Laxness*

HAMRABORGIN
***Einsöngur: Bjarni Atlason***
*Sigvaldi Kaldalóns/Davíð Stefánsson/úts. Atli Guðlaugsson*

*HLÉ*

ÞÓTT ÞÚ LANGFÖRULL LEGÐIR
***Einsöngur: Bjarni Atlason***
*Sigvaldi Kaldalóns/Stephan G. Stephansson/radds: Stefán R. Gíslason*

HVER Á SÉR FEGRA FÖÐURLAND
*Emil Thoroddsen/Hulda*

SÓLSKINIÐ Í DAKOTA
*Bragi Valdimar Skúlason/Káinn/úts. Atli Guðlaugsson*

ORÐIN MÍN
*Bragi Valdimar Skúlason/úts. Atli Guðlaugsson*

ÍSLAND, ÉG ELSKA ÞIG
***Einsöngur: Bjarni Atlason***
*Bragi Valdimar Skúlason, Guðmundur Kr. Jónsson, Mikael Svensson /úts. Atli Guðlaugsson*

BRIMLENDING
*Áskell Jónsson/Davíð Stefánsson*

SUÐURNESJAMENN
*Sigurður Ágústsson/Ólína Andrésdóttir*

ÚR ÚTSÆ RÍSA ÍSLANDSFJÖLL
*Páll Ísólfsson/Davíð Stefánsson/radds. Jón Kristinn Cortez*

BRENNIÐ ÞIÐ VITAR
*Páll Ísólfsson/Davíð Stefánsson*



# Karlakór Hreppamanna 2025

**1. tenór**
*Agnar Jóhannsson, Ísabakka*
*Bjarni Arnar Hjaltason, Borgarási*
*Brynjar Sigurgeir Sigurðsson, Heiði*
*Gísli G. Guðmundsson, Selfossi*
*Helgi Ingimarsson, Mosfellsbæ*
*Hjálmur Hjálmsson, Flúðum*
*Hjálmur Pétursson, Borgarási*
*Sigurður Bjarnason, Reykjavík*
*Sigurður S. Sveinsson, Reykholti*
*Skarphéðinn R. Pétursson, Borg*
*Steingrímur Jónsson, Flúðum*

**2. tenór**
*Bjarni Hjörleifsson, Fossi*
*Egill Jónasson, Hjarðarlandi*
*Guðjón Birgisson, Melum*
*Helgi M. Gunnarsson, Flúðum*
*Kristján Hrafn Arason, Mosfellsbæ*
*Páll Jóhannsson, Núpstúni*
*Svanur Helgi Einarsson, Tungufelli*
*Úlfhéðinn Sigurmundsson, Haga*

**1. bassi**
*Einar Á. Sæmundsen, Daltúni*
*Eiríkur Ágústsson, Silfurtúni*
*Erlingur Bjarnason, Eyrarbakka*
*Friðgeir Stefánsson, Laugardalshólum*
*Gunnlaugur Magnússon, Miðfelli*
*Gylfi Þorkelsson, Laugarvatni*
*Ólafur Ólafsson, Akranesi*
*Sigurjón Sigurðsson, Kotlaugum*
*Snorri Jóhannesson, Syðra-Langholti*
*Vilmundur Jónsson, Brautarholti*

**2. bassi**
*Aðalsteinn Þorgeirsson, Hrafnkelsstöðum*
*Bjarni Jónasson, Unnarholtskoti 3*
*Bjarni Atlason Tindum, Kjalarnesi*
*Grímur Guðmundsson, Ásatúni*
*Hjalti Gunnarsson, Kjóastöðum*
*Loftur S. Magnússon, Krika*
*Páll Kristján Svansson, Reykjavík*
*Sigmundur Jóhannesson, Syðra-Langholti*
*Sigurður Ágústsson, Birtingaholti*
*Sigurður Björgvinsson, Selfossi*
*Sigurður I. Jóhannsson, Syðra-Langholti 4*
*Þorkell Þorkelsson, Flúðum*
*Þorleifur Jóhannesson, Hverabakka*



# Sprettskórinn 2025

**1. tenór**
*Arnór Halldórsson*
*Georg Ragnarsson*
*Kjartan Ragnarsson*
*Pétur Siguroddsson*
*Sigurbjörn Ingi Sigurðsson*
*Sigurður Bjarnason*

**2. tenór**
*Benóný B. Viggósson*
*Björgvin Sveinn Jónsson*
*Kári Indriðason*
*Ólafur Skúli Indriðason*
*Pálmi R. Pétursson*
*Ragnar Eyþórsson*
*Tryggvi Pálsson*
*Valtýr Guðmundsson*

**1. bassi**
*Gunnar Þór Ólafsson*
*Hannes Hjartarson*
*Hlynur Sigurðsson*
*Jómundur Atli Bjarnason*
*Jón Skúli Indriðason*
*Olafur Helgason*
*Ólafur M. Helgason*
*Ólafur Ólafsson*
*Ómar Össurarson*
*Steinþór Þráinsson*
*Sæþór Fannberg*
*Viðar Eðvarðsson*
*Örnólfur Þorvarðsson*

**2. bassi**
*Arnór Víkingsson*
*Einar Kristinsson*
*Einar Ólafsson*
*Einar Pétursson*
*Friðbjörn Örn Steingrímsson*
*Gestur Guðjónsson*
*Hreggviður L. Jónsson*
*Kjartan Sigurðsson*
*Sigurður Torfi Grétarsson*
*Sigurður Þorsteinsson*
*Skúli Bjarnason*
*Sveinn Blöndal*



# Atli Guðlaugsson

STJÓRNANDI

*Atli Guðlaugsson er stjórnandi Karlakórs Hreppamanna og býr á Tindum á Kjalarnesi, ásamt eiginkonu, sonum og þeirra fjölskyldum. Þar stunda þau hobbýbúskap. Atli er trompetleikari og söngvari og lauk blásarakennarprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík. Atli starfaði sem tónlistarkennari frá 1977 og þar af sem skólastjóri tónlistarskóla í 35 ár í Tónlistarskólanum á Akureyri, Tónlistarskóla Eyjafjarðar, Tónskóla Eddu Borg og síðast í Listaskóla Mosfellsbæjar í 17 ár. Atli var stjórnandi Lúðrasveitar Akureyrar í 18 ár og Hljómsveitar félags harmonikuunnenda við Eyjafjörð í 15 ár. Þá hefur hann stjórnað Karlakór Akureyrar, Karlakór Eyjafjarðar, Karlakórnum Stefni, Grundartangakórnum og Sprettskórnum (áður Gustskórnum). Atli hefur samið lög og texta og útsett mikið fyrir karlakóra og sönghópa.*

*Sem tónlistarmaður hefur hann alltaf verið virkur trompetleikari og sungið í og stjórnað eftirfarandi sönghópum: Karlakvintettinum Galgopum í Eyjafirði, Borgarkvartettinum og Tindatríóinu.*

*Tindatríóið hefur verið starfandi frá 2003 og er skipað Atla og sonum hans, Bjarna og Guðlaugi. Þeir Bjarni og Guðlaugur hófu báðir sinn karlakórsferil 16 ára gamlir og hafa lokið framhaldsprófi í söng frá Listaskóla Mosfellsbæjar. Þeir eru einsöngvarar með Karlakór Hreppamanna í vetur og hafa oft komið fram sem einsöngvarar með kórum, í fjölmörgum útförum og brúðkaupum í kirkjum landsins og við ýmiss önnur tækifæri, m.a. með Sinfóníuhljómsveit Íslands.*







# Sigurður Helgi

UNDIRLEIKARI

*Sigurður Helgi lauk framhaldsprófi í píanóleik frá Tónlistarskólanum á Akureyri árið 2004 og BMus gráðu í kvikmyndatónlist, djasspíanóleik og hljómsveitarstjórn frá Berklee College of Music í Boston árið 2011.*

*Hann hefur starfað jöfnum höndum sem klassískur og rytmískur píanóleikari ásamt því að stjórna kórum, kenna, útsetja og semja tónlist. Hann starfaði um tíma sem píanókennari og meðleikari við Tónlistardeild Listaskóla Mosfellsbæjar en frá því í febrúar 2018 hefur hann gegnt fullri stöðu sem píanóleikari og kennari við Söngskólann í Reykjavík. Í gegnum tíðina hefur hann komið að ýmsum óperu- og söngleikjauppfærslum hjá áhuga- og atvinnuleikfélögum, nú síðast sem tónlistarstjóri í Ástardrykknum eftir Donizetti í uppfærslu Sviðslistahópsins Óðs í Þjóðleikhúskjallaranum. Þá er Sigurður Helgi stjórnandi Karlakórs Kópavogs.*







# Bjarni Atlason

EINSÖNGVARI

*Bjarni lauk framhaldsprófi frá Listaskóla Mosfellsbæjar árið 2012 hjá Hafsteini Þórólfssyni. Áður hafði hann stundað nám hjá Bergþóri Pálssyni við Söngskólann í Reykjavík á árunum 2002-2005, þar sem hann lauk miðprófi. Söngnámið hófst árið 1993 hjá Þuríði Baldursdóttur við Tónlistarskóla Eyjafjarðar og eftir að fjölskyldan fluttist suður, tóku við einkatímar hjá Jóhanni Smára Sævarssyni.*

*Bjarni hefur sungið með fjölmörgum kórum sem einsöngvari og kórmaður auk þess að koma fram með Tindatríóinu sem þeir feðgar skipa. Einnig hefur hann tekið þátt í ýmsum leiksýningum, auk tónleikaraða, að ógleymdum fjölda útfara og brúðkaupa.*


**Vöruflutningar**




Reykjavík – Selfoss – Uppsveitir Árnessýslu – Flúðir

**Alla virka daga**

Brottför frá Flúðum kl. 08:00

Brottför frá Reykjavík kl. 12:00

**Við keyrum einnig vörum og tækjum um allt land**

FRAKTLAUSNIR

fraktlausnir.is / fraktlausnir@fraktlausnir.is / Sími 519–2150



# Sprettskórinn

*Sprettskórinn er 40 manna karlakór, sem starfar innan Hestamannafélagsins Spretts. Upphaflega starfaði kórinn undir merkjum Hestamannafélagsins Gusts, en við sameiningu Andvara og Gusts í Hestamannafélagið Sprett, var nafninu breytt. Kórinn æfir í félagsheimili Spretts í Samskipahöllinni á mánudögum kl. 20.00 - 22.00. Í maí 2023 tók kórinn þátt í norrænu kóramóti á Borgundarhólmi og gerði stormandi lukku, ekki síst fyrir kraftmikinn söng og glaðværð. Á heimleiðinni var ákveðið að næsta utanlandsferð kórsins yrði sumarið 2025 og verður þá haldið á slóðir Vestur- Íslendinga í Norður- Dakóta og Kanada og verðum við gestir á Íslendingadaginn í Mountain og Gimli um Verslunarmannahelgina. Með okkur í för verður Karlakór Hreppamanna, sem er sérstakur vinakór okkar, enda deilum við sama stjórnanda, píanóleikara og einsöngvara.*

*Í vetur var sungið á þorrablóti hestamannafélagsins Spretts, þá eru þrennir vortónleikar í apríl í samvinnu við Hreppamenn, svo verður hin hefðbundna Kórreið í Heiðmörk 10. maí, tónleikar í Skálholti 27. júlí og tónleika- og skemmtiferð til Vesturheims 30. júlí – 8. ágúst.*

*Nýjir félagar eru ávallt velkomnir og er ekki skilyrði að þeir séu hestamenn, þó það sé ekki síðra. Kórfélagar eru á aldrinum frá 16 ára og uppúr.*



MOUNTAINEERS
OF ICELAND

DÝRALÆKNIRINN
FLÚÐUM

RARIK
Við höldum samfélaginu
á hreyfingu

RARIK.IS
RARIK@RARIK.IS

limtrevirnet.is



Hús og hallir
fyrir hesta

sem kalla fram það besta
hjá mönnum og dýrum

LímtréVírnet
Aðalnúmer: 412 5300 | Söludeild: 412 5350






## B. Kóngur ehf

**Hestaflutningar**

Flyt hross um allt land, geri tilboð í flutning á hópum.

Tveir bílar, 18 og 11 hesta.

Sími: 894-9758

vís



**Fjallaraf**

**sími 662 0530**

---

**Eldor**

EINSTAKUR VERKTAKI Í ALHLIÐA FRAMKVÆMDUM

## Lely Center Ísland



**Verið velkomin í nýja og stærri verslun okkar að Krókhálsi 5f í Reykjavík**

Við erum flutt upp um eina hæð – aðkoma frá Krókhálsi



**Reykjavík** Krókháls 5f – Sími 414 0000 // **Akureyri** Óðinsnes 2 – Sími 464 8600 – vbl.is

# Við Faxa ehf.

Veitingar og tjaldsvæði

VIÐ FAXA
RESTAURANT

Símar: 774 7440 og 848 1101
Netfang: vidfaxa@gmail.com

---

SS fremst fyrir bragðið
Síðan 1907

---

## Öll almenn smurþjónusta

olís



Besta leiðin til að tryggja góða endingu bílvéla er að endurnýja reglulega smurolíur og smursíur. Þjónustubók bíla segir til um hvernig og hversu oft þetta skal gert.



Við hjá Vélaverkstæði Þóris höfum á að skipa reynslumiklu starfsfólki og fyrsta flokks aðstöðu til að vinna þessa vinnu fljótt og örugglega.

**Reynslumikið starfsfólk**

**Fyrsta flokks aðstaða**



VÉLAVERKSTÆÐI ÞÓRIS

**Kynnið ykkur málið, mætið með bílinn eða pantið tíma hjá okkur í síma 482 3548.**

Austurvegur 69 - 800 Selfoss - Sími: 482 3548 - GSM: 898 1548

Frumherji

BLIKK EHF
ÞEKKING - FÆRNI - ÞJÓNUSTA
SÍMI 482 2040

PRENTUM
*í einum grænum*

Vatnagarðar 14, 104 Reykjavík
563 6000 | litrof@litrof.is | www.litrof.is

LITRÓF
umhverfisvottuð prentsmiðja

ÍSLENSKA ÁNÆGJUVOGIN

Tryggjum ánægðustu viðskiptavinina

Sjóvá hefur verið efst tryggingafélaga
í Íslensku ánægjuvoginni 8 ár í röð






LANDSLAG

ATLAS verktakar


BÓKIÐ YKKAR
AÐGANG HÉR
LAUGARVATN
fontana
Geothermal Baths
+354 486 1400
www.fontana.is


FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson
Svanhildur Eiríksdóttir
Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is


Gullfoss
PANORAMA
RESTAURANT CAFÉ SHOP
Gullfossi • Blaskógabyggð • 806 Selfoss • Iceland
+354 486 6500 • gullfoss@gullfoss.is
www.gullfoss.is


SFG
-STOFNAÐ 1940-
Sölufélag
garðyrkjumanna
Íslenskt
grænmeti
Þú veist
hvaðan það
kemur
islenskt.is



BR FLUTNINGAR
S: 662-1122
DAGLEGAR FERÐIR
SELFOSS-REYKJAVÍK-SUÐURLAND




Reiðhjólafestingar á bílinn
Fjölbreytt úrval af traustum og öruggum festingum
1-2x
1-3x
1-4x
STEINHOF
Poulsen | Skeifunni 2 - 108 Reykjavík | 530 5900
poulsen@poulsen.is | poulsen.is
POULSEN




Welcome
RESTAURANT MIKA
VIBRANT CUISINE AND HANDMADE CHOCOLATE
Skólabraut 4, 801 Reykholt | mika.is
tripadvisor
mika
RESTAURANT

## ÁRNESÞING

*Eiríkur Einarsson /*
*Sigurður Ágústsson*

Þú Árnesþing, ég elska nafnið þitt,
þar upp til fjalla er helgisetrið mitt,
er morgungeislans mildi fyrst ég naut
við móðurskaut.

Ég legg af stað án leiðsagnar og mals,
mér lokast hvergi vegur austan fjalls,
ég sigli hraðbyr sumarloftið blátt
í sólarátt.

Í hinum gamla, göfga minjasal
þú geymir Skálholt, Þingvöll, Haukadal.
Því segir Ísland: Sjá við háborð mitt
er sæti þitt.

## ERLA

*Davíð Stefánsson /*
*Sigurður Ágústsson*

Erla góða Erla,
ég á að vagga þér.
Svíf þú inn í svefninn
við söng frá vörum mér.
Kvæðið mitt er kveldljóð
því kveldsett löngu er.

Úti þeysa álfar
um ísilagða slóð.
Bjarma slær á bæinn
hið bleika tunglskinsflóð.
Erla, hjartans Erla,
nú ertu þæg og góð.

Æskan geymir elda
og ævintýraþrótt.
Tekur mig með töfrum
hin tunglskinsbjarta nótt.
Ertu sofnuð Erla?
Þú andar létt og rótt.

Hart er mannsins hjarta,
að hugsa mest um sig.
Kveldið er svo koldimmt,
ég kenndi í brjósti um mig.
Dýrðlega þig dreymi
og Drottinn blessi þig.



## ENN SYNGUR VORNÓTTIN

*Tómas Guðmundsson / Schrader*

Enn syngur vornóttin vögguljóð sín.
Veröldin ilmar, glitrar og skín.
Kvöldsett er löngu í kyrrum skóg.
Öldurnar sungu sig sjálfar í dá.
Síðustu ómarnir ströndinni frá
hurfu í rökkurró.

Manstu það, ást mín, hve andvakan var
yndisleg forðum? Hamingjan bar
ljóð okkar vorlangt á vængjum sér.
Brosmilt og þaggandi lágnættið leið.
Ljósið, sem dagsins á tindunum beið,
fann þig í fangi mér.

Vaki ég enn meðan vornóttin skín.
Veit mig þó bundinn annarri sýn.
Stundir, sem hníga í haustsins slóð,
láta við eyru mér andvökuhljótt:
Öðrum en þér flytur vorið í nótt
ilm sinn og ástarljóð.

## VOR

*Friðrik Hansen / Pétur Sigurðsson*

Ljómar heimur logafagur,
lífið fossar, hlær og grær.
Nú er sól og sumardagur,
söngvar óma fjær og nær.
Vorsins englar vængjum blaka,
vakir lífsins heilög þrá.
Sumarglaðir svanir kvaka
suð'r um heiðavötnin blá.
Hvílir yfir hæðum öllum
himnesk dýrð og guðaró.
Yfir jöklum, frammi' á fjöllum,
fellir blærinn þokuskóg.
Nú er gott að vaka, vaka,
vera til og eiga þrá.
Sumarglaðir svanir kvaka
suð'r um heiðavötnin blá.

Drekk ég glaður fjallafriðinn,
fylli skálar sólskinsró.
Teygar ljós við lækjarniðinn
lítil rós í klettató.
Sé ég fagra sýn til baka,
sólareld og fjöllin blá.
Nú er gott að vaka, vaka,
vera til og eiga þrá.

## Á SPRENGISANDI

*Grímur Thomsen /*
*Sigvaldi Kaldalóns*

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rennur sól á bak við Arnarfell.
Hér á reiki' er margur óhreinn andinn,
úr því fer að skyggja' á jökulsvell.
Drottinn leiði drösulinn minn,
drjúgur verður síðasti áfanginn.

Þei, þei! þei, þei! þaut í holti tófa,
þurran vill hún blóði væta góm.
Eða líka einhver var að hóa
undarlega digrum karlaróm.
Útilegumenn í Ódáðahraun
eru kannski' að smala fé á laun.

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rökkrið er að síga' á Herðubreið.
Álfadrottning er að beisla gandinn,
ekki' er gott að verða á hennar leið.
Vænsta klárinn vildi' ég gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil.

## FÁKAR

*Einar Benediktsson / Árni Gunnarsson*

Í morgunljómann er lagt af stað.
Allt logar af dýrð, svo vítt sem er séð.
Sléttan, hún opnast sem óskrifað blað,
þar akur ei blettar, þar skyggir ei tréð.
Menn og hestar á hásumardegi,
í hóp á þráðbeinum, skínandi vegi,
með nesti við bogann og bikar með.
Betra á dauðlegi heimurinn eigi.

Ef inni er þröngt, tak hnakk þinn og hest
og hleyptu á burt undir loftsins þök.
Hýstu aldrei þinn harm. Það er best.
Að heiman, út, ef þú berst í vök.
…
Menn og hestar á hásumardegi,
í hóp á þráðbeinum, skínandi vegi,
með nesti við bogann og bikar með.
Betra á dauðlegi heimurinn eigi.

Sá drekkur hvern gleðinnar dropa í grunn,
sem dansar á fákspori yfir grund.
Í mannsbarminn streymir sem aðfalls unn
af afli hestsins og göfugu lund.
Maðurinn einn er ei nema hálfur,
með öðrum er hann meiri' en hann sjálfur.
Og knapinn á hestbaki' er kóngur um stund,
kórónulaus á hann ríki og álfur.

## HROSSARÉTT

*Atli Guðlaugsson*

Haust er kemur hrossa fer í rétt.
Hraustur fákur töltir þangað létt.
Ör er lundin. Óskastundin
upp er runnin mín.
Dunar grundin. Daðrar sprundin.
Dýrt á fleygnum vín.

Þá er gott að þeysa um fjallasal,
þembast yfir keldur og drög.
Hetjusöngvar heyrast um allan dal,
hamslausir kyrjum okkar lög.

Þar við hesta þrautin mörg er háð,
þjálfun besta, karlmennsku í dáð.
Ein þar hneggjar, utan veggjar,
unghryssa til mín.
Ef mig eggjar, eðli steggjar
eflaust nýtur sín.

Kerlu heima, krökkum mínum hjá,
kýs að geyma, kvöld er líður á.
Kyssi flesta. Kaupi hesta,
karpa lítt um þá.
Konu besta, kóng og presta
karl ei hlustar á.

## ÞAR SEM HÁFJÖLLIN HEILÖG RÍSA

*Halldór Kiljan Laxness / Atli Guðlaugsson*

Þar sem háfjöllin heilög rísa
mót heiðskírri norðurátt,
á landi íslenskra ísa,
þar er þér, sál mín, svo dátt;

þar sem öræfafuglinn flögrar
í frosti um skarð og tind
og jökulauðnin þér ögrar
sem óklöppuð dýrlingsmynd,

þar sem Urðhæð og Einbúi vaka
og eldborgin hvíta rís
og fornir fjallgalar kvaka,
þar finn ég þig loks, mín dís!

Á vörum þér sælan sefur;
af sjónum þér andvakan skin,
og mjúkt um þinn meydóm vefur
mjöllin sitt frostalín.



## HAMRABORGIN

*Davíð Stefánsson / Sigvaldi Kaldalóns*

Hamraborgin
rís há og fögur
og minnir á ástir
og álfasögur.
Á hamarinn bláa
og bergið háa,
sló bjarma lengi.
Þar er sungið
á silfurstrengi!

Og meðan djáknar
til messu hringja,
opnast bergið
og álfar syngja.
Strengir titra
og steinar glitra
í stjörnusalnum.
Friður ríkir
í fjalladalnum.

Úr byggð er sveinninn
í bergið seiddur,
af álfadætrum
í dansinn leiddur.
Hann hlær og grætur
og heillast lætur
af huldumáli.
Bergið lokast
sem brúðarskáli.

Og svo er drukkið
og dansinn stiginn,
uns syrtir af kveldi
og sól er hnigin.
Í hamrinum bláa
og berginu háa
er blundað á rósum.
Nóttin logar
af norðurljósum.

## ÞÓTT ÞÚ LANGFÖRULL LEGÐIR

*Stephan G. Stephanson / Sigvaldi S. Kaldalóns*

Þótt þú langförull legðir
sérhvert land undir fót,
bera hugur og hjarta
samt þíns heimalands mót;
frænka eldfjalls og íshafs,
sifji árfoss og hvers,
dóttir langholts og lyngmós,
sonur landvers og skers.

Yfir heim eða himin
hvort sem hugar þín önd,
skreyta fossar og fjallshlíð
öll þín framtíðarlönd!
Fjarst í eilífðar útsæ
vakir eylendan þín:
Nóttlaus voraldar veröld
þar sem víðsýnið skín.

Það er óskaland íslenskt
sem að yfir þú býr,
aðeins blómgróin björgin,
sérhver baldjökull hlýr,
frænka eldfjalls og íshafs,
sifji árfoss og hvers,
dóttir langholts og lyngmós,
sonur landvers og skers.

## HVER Á SÉR FEGRA FÖÐURLAND

*Úr „Söngvum helguðum þjóðhátíðardegi Íslands 17. júní 1944"*

*Hulda / Emil Thoroddsen*

Hver á sér fegra föðurland,
með fjöll og dal og bláan sand,
með norðurljósa bjarmaband
og björk og lind í hlíð?
Með friðsæl býli, ljós og ljóð,
svo langt frá heimsins vígaslóð?
Geym, drottinn, okkar dýra land
er duna jarðarstríð.

Ó, Ísland, fagra ættarbyggð,
um eilífð sé þín gæfa tryggð,
öll grimmd frá þinni ströndu styggð
og stöðugt allt þitt ráð.
Hver dagur líti dáð á ný,
hver draumur rætist verkum í,
svo verði Íslands ástkær byggð
ei öðrum þjóðum háð.
Svo aldrei framar Íslandsbyggð
sé öðrum þjóðum háð.

## SÓLSKINIÐ Í DAKÓTA

*Káinn / Bragi Valdimar Skúlason*

Þegar vetur víkur frá
og veðrið fer að hlýna,
þá er fögur sjón að sjá
sólina okkar skína.

Dveljir þú í Dakótá
dag um sláttarleytið,
þá er fögur sjón að sjá
sólina skína' á hveitið.

„Alcohol" er hægt að fá,
helzt ef fólk er lasið,
þá er fögur sjón að sjá
sólina skína' á glasið.

Sig að skreyta sumum hjá
sýnist æðsta hvötin,
þá er fögur sjón að sjá
sólina skína' á fötin.

Viljir þú í guðshús gá
að glæða trúarbrestinn,
þá er fögur sjón að sjá
sólina skína' á prestinn.

Ef ég þyrfti þar að fá
í þrautum huggun mína,
vildi' ég fyrr en síðar sjá
sólina hætta' að skína.

Þegar ég er fallinn frá
og fúna' í jörðu beinin,
verður fögur sjón að sjá
sólina skína' á steininn.

## ORÐIN MÍN

*Bragi Valdimar Skúlason*

Einhvern tímann, ef til vill
og óralangt frá þessum stað,
mun ástin hörfa heim til þín
og hjartans dyrum knýja að.

Og einmitt þá og einmitt þar
mun ástin krefja þig um svar.
Og þá er rétt að rifja upp - orðin mín.

Þau eru stirð, þau eru fá,
þau sjálfsagt aldrei flugi ná.
Þau munu engu› að síður alltaf bíða þín.

Því hvað er ást og hvað er svar?
Og hvernig geymist allt sem var?
Mundu' að hvar sem hjartað slær
hamingjan er oftast nær.

Og einmitt þá ...

Einmitt þá ...



## ÍSLAND, ÉG ELSKA ÞIG

*Bragi Valdimar Skúlason / Bragi Valdimar, Guðmundur Kristinn Jónsson, Mikael Svensson*

Ó, aldagamla Íslands byggð,
þér ævarandi ég heiti tryggð.
Þú þekkir ekkert illt,
þér enginn getur spillt.
Styður öngvin stríð,
staðföst, frjáls og blíð.

Engilfríða fósturjörð,
fyrir þér liggur tíðin hörð.
Flárátt, lævíst lið,
landið hatast við,
þitt helga hjarn vill fá
hrifsað til sín aftanfrá.
Góða land, gjöfula land!
Gullnir steypast fossar þínir enn.
Sæla fold, sjálfstæða mold!
Sakleysi þitt girnast vondir menn.

Gull þín brjóta gírug flón,
er gleypa vilja hið dýra Frón.
En aldrei, ástin mín,
skal efnd sú myrka sýn
að fjallsins fagra mær
sé forfærð, svívirt gráti nær.

Glæsta land, gegnheila land!
Gullnir steypast fossar þínir enn.
Ísafold, magnþrungna mold!
Meyjarblóm þitt girnast vondir menn.

Aldrei! Aldregi meir!
Íslandi allt!
Ísland ég elska þig!

Gullnir steypast fossar þínir enn.

Hrjúfa fold, höfuga mold!
Hrekkleysi þitt girnast vondir menn.
Illgjarnir menn.

Gamla land! Göfuga land!
Gullnir steypast fossar þínir senn.

## BRIMLENDING

*Davíð Stefánsson / Áskell Jónsson*

Bylgjufalda bátur klýfur
borinn fram af þungri röst,
titrar við og tekur dýfur,
teygir hálsinn, upp sig rífur,
líkt og hefði krampaköst.
Knáir róa keipadýri,
kappar sex og einn við stýri.

Brimróðurinn entist illa,
útsog mikið bátinn laust.
Ólag nýtt sést uppi hilla.
Öldur skipið þóttufylla,
borðaþykkt og bandatraust.
Árablöðin brimið molar,
burtu fjórum mönnum skolar.

## SUÐURNESJAMENN

*Ólína Andrésdóttir / Páll Ísólfsson*

Sagt hefur það verið um Suðurnesjamenn,
fast þeir sóttu sjóinn og sækja hann enn.

Sæmd er hverri þjóð að eiga sægarpa enn.
Ekki var að spauga með þá Útnesjamenn.

Ekki er að spauga með íslenzkt
sjómannsblóð,
ólgandi sem hafið og eldfjallaglóð,

ásækið sem logi og áræðið sem brim,
hræðist hvorki brotsjó né bálviðraglym.

## ÚR ÚTSÆ RÍSA ÍSLANDSFJÖLL

*(Háskólaljóð – II. Ættjörð)*
*Davíð Stefánsson / Páll Ísólfsson*

Úr útsæ rísa Íslandsfjöll
með eld í hjarta, þakin mjöll,
og brim við björg og sand.
Þó mái tíminn margra spor,
þá man og elskar kynslóð vor
sitt fagra föðurland.

Við tölum íslenzkt tungumál.
Við tignum guð og landsins sál
og fornan ættaróð.
Þeir gjalda bezt sinn gamla arf,
sem glaðir vinna þrotlaust starf
til vaxtar vorri þjóð.

Á meðan sól að morgni rís
og máni silfrar jökulís
og drengskapur er dyggð,
skal fólkið rækta föðurtún
og fáninn blakta efst við hún
um alla Íslands byggð.

## BRENNIÐ ÞIÐ VITAR

*Davíð Stefánsson / Páll Ísólfsson*

Brennið þið, vitar. Hetjur styrkar standa
við stýrisvöl, en nótt til beggja handa.
Brennið þið, vitar. Út við svarta sanda
særótið þylur dauðra manna nöfn.
Brennið þið, vitar. Lýsið hverjum landa,
sem leitar heim – og þráir höfn.




**Hreppasmiðirnir**

**Góðir í viðhaldinu og góðir með hamarinn!**



**Loftur Sn. Magnússon**

**Sími: 896-0812 loftursm@gmail.com**

**Einar Logi Sigurgeirsson**

**Sími: 899-5639 einarlog@simnet.is**

**B.R. Sverrisson ehf**

Norðurhofi 6, 845 Flúðum

**Sími: 864 2499**

**Bláskógabyggð**

GRÖFUÞJÓNUSTA
SVEITADURGUR
EHF
VIÐ REDDUM ÞESSU

GRÖFUTÆKNI

**ALHLIÐA VERKTAKAÞJÓNUSTA**

Tökum að okkur alla alhliða gröfuvinnslu fyrir sumarbústaði, einbýlishús og sveitabæi.

Athugið að við byggjum á áralangri reynslu í allri venjulegri og óvenjulegri jarðefnavinnslu.

Beltagröfur
Traktorsgröfur
Smágröfur
Jarðýtur
Niðurdráttarplógur fyrir vatnslagnir
Efnisflutningar
Vélaflutningar
Framræsla



Sími 486 6716 - Hörður 893 5457 - Þórarinn 893 5456
Gröfutækni ehf. - Iðjuslóð 1 - 845 Flúðir - gt@stedji.is

BLUE VACATIONS
ICELAND

BJARNABÚÐ
BRAUTARHÓLI
Síðan 1985



Lögmannsstofa
ÓLAFS BJÖRNSSONAR
Ó|B

Eyravegi 15, 800 Selfoss | kt. 670705-1100
oli @olafur.is | s: 416 2220 | gsm: 894 3209 | www.olafur.is

EYVINDARTUNGA
RAFORKUBÝLI SÍÐAN 1928



VÉLFANG – VERKIN TALA

Framúrskarandi fyrirtæki

Vélfang ehf. selur og þjónustar jafnt nýjar sem notaðar vélar og tæki fyrir landbúnað, verktaka, golfvelli og sveitarfélög ásamt varahluta- og viðgerðarþjónustu.

FENDT



Fer fremstur

CLAAS



Fjölskyldufyrirtæki í fararbroddi

KUHN



Leiðandi afl í 190 ár

Kverneland



Framtíðarsýn í landbúnaði

Framúrskarandi þjónusta við viðskiptavini

Schäffer



Styrkur - afköst- skilvirkni

JCB



Nýsköpun - metnaður - framsækni

EFSTIDALUR II
Velkomin

BH
BLIKK
það liggur
í loftinu

Nesey ehf
Verktakar - Vélaleiga
Suðurbraut 7
Skeiða- og Gnúpverjahreppi
Símar: 486-6088 ● 892-4888 ● 892-4485
Netfang: nesey@nesey.is



FLÚÐA
SVEPPIR

FLÚÐA
SVEPPIR

FLÚÐA
SVEPPIR

Sólskins
búðin

Bændamarkaður á Flúðum
Seljum íslenskar gæðavörur
beint frá bónda og
smáframleiðendum

Opið alla daga
kl. 10-17

Melar, 845 Flúðir



Flúðaverktakar hf.
Ísabakka
846 Flúðir
Agnar 893-0974

LAGNIR

GB HÚS
SÍMI: 848-0964

JÁVERK

ÞÁ bílar
Bjóðum allar stærðir hópbíla
511-5510
tabilar@tabilar.is






TAMNINGAR, ÞJÁLFUN, SALA
OG REIÐTÚRAR FYRIR VANA OG ÓVANA




**Ál er okkar mál**

Fossaleyni 8 5774100 altak.is

ÁLTAK

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Karlakór Hreppamanna.
Kórinn kann þeim og auglýsendum bestu þakkir fyrir og hvetur tónleikagesti til þess að nýta sér þjónustu þessara góðu fyrirtækja.

Ásvélar ehf.
*Laugarvatni*

Baggamunur; bókhalds-og skattaþj.
*Berghyl, Flúðum ( dreifbýli )*

Baldvin og Þorvaldur; Söðlasmíði
*Háheiði 2, Selfossi*

Borgthor ehf,
*Kotlaugum 1, Flúðum ( dreifbýli )*

Búnaðarfélag Gnúpverja
*Skarði, Skeiða- og Gnúpverjahr.*

Dýralæknaþjónusta Suðurlands
*Stuðlum, Ölfusi*

Ferðaþjónustan Úthlíð 2
*Bláskógabyggð*

Fjölprent
*Norðlingabraut 14, Reykjavík*

Fossvélar ehf.
*Hellismýri 7, Selfossi*

Geysir-hestar
*Kjóastöðum 2, Bláskógabyggð*

Gólfhitalagnir ehf.
*Gvendargeisla 68, Reykjavík*

Grænagerði ehf.
*Miðfelli 1, Flúðum ( dreifbýli )*

Gufuhlíð ehf.
*Reykholti, Bláskógabyggð*

Hjalti Ragnarsson rafvirki
*Ásakoti 2, Bláskógabyggð*

Hnúkur slf. Miðfelli 4
*Flúðum (dreifbýli)*

Hólabúðin
*Laugardalshólum, Bláskógabyggð*

Hótel Gullfoss
*Brattholti, Bláskógabyggð*

Hótel Skálholt
*Skálholti, Bláskógabyggð*

Hús fasteignasala, husfasteign.is
*Austurvegi 26, Selfossi*

Hverabakki ehf.
*Flúðum ( dreifbýli )*

Ketilbjörn ehf.
*Syðri-Reykjum, Bláskógabyggð*

Kolbeinn ehf. Heiðarási
*Bláskógabyggð. Sími: 894-7664*

Kökugerð HP
*Gagnheiði 15, Selfossi*

Landsvirkjun
*Katrínartúni 2, Reykjavík*

Lestur og bútar ehf.
*Túngötu 27, Eyrarbakka*

Margeir Ingólfsson
*Brú, Bláskógabyggð*

María Carmen Magnúsdóttir
Ökukennari
*Hrísholti 10, Laugarvatni*

Millan.is
*Blikastaðavegi 2, Reykjavík*

Orkusalan
*Urðarhvarfi 8, Kópavogi*

PKS ráðgjöf ehf.
*Holtsgötu 12, Reykjavík*

Pit-stop ehf. dekkjaverkstæði
*Austurvegi 52 Selfossi*

Sallafínt ehf.
*Lindarbrekku, Bláskógabyggð*

Torfhús Retreat hótel ehf.
*Dalsholti, Bláskógabyggð*

TRS-raf ehf,
*Eyravegi 37, Selfossi*

Verslunin Árborg N1 ehf.
*Árnesi, Árbæ, Gnúpv.hr.*

Þvottur og lín ehf.
*Ásastíg 7, Flúðum*



RÆKTUNARSAMBAND
FLÓA OG SKEIÐA

ÁSARAF
Jón Hákonarson
rafvirkjameistari / electrician
Sími / Tel. 669 0095 · 6690095@gmail.com

Fögrusteinar

Jarðvinna, heyskapur og önnur vinna fyrir bændur
www.foldvegur.is sími: 8941130

HÉRAÐSSKÓLINN
SINCE 2013
GUESTHOUSE
CAFE BISTRO
SCHOOL SINCE 1928
LAUGARVATNI




Golfklúbburinn Flúðir

1985 **40 ára** 2025




# Söngurinn léttir þér lífið!
# Það gerum við líka!

Tökum að okkur bókhald og uppgjör fyrirtækja,
skattframtöl einstaklinga og rekstraraðila.
Leggjum áherslu á persónulega þjónustu.

## Hjá Maddý ehf.

bókhald - ráðgjöf - skattskil

Eyravegi 27 - 800 Selfoss
Sími 482 3454 - Fax 482 3564

AUÐHUMLA

ULLARVERIÐ
ULL BEINT AF FJÖLLUM
SÍÐAN 2024

ICELANDIC
WOOLMARKET & MILL

Ullarverið ehf
Borgarási | 846 Flúðir
www.ullarver.is
@ullarverid

MASSEY FERGUSON





MF HEYVINNUTÆKI

MF 8S Styrkur - Einfaldleiki - Hátækni

BÚVÉLAR

Gagnheiði 35, Selfossi | Sími 4800080 | www.buvelar.is

# GIANT

**Heil fjölskylda af liðléttingum!**

ÚRVAL AUKAHLUTA Í BOÐI!

**Margur er knár þó hann sé smár!**

Giant GS950TE rafmagnþjarkurinn er áhugaverður kostur fyrir þá sem vilja taka þátt í orkuskiptum.

- Lyftigeta: 620 kg
- Lyftihæð: 2100 mm
- Rafhlaða: LFP 11,6kWh/228 Ah/48V
- Keyrsluhraði 6 km/klst.

Með þyngd uppá 1.020 kg býður GS950TE uppá aukið grip og minnkar jarðvegsþjöppun.



**GS950TE Rafmagnsþjarkur**



## AFLMIKLIR | STÖÐUGIR | MIKIL LYFTIGETA




Fjölhæfur og fyrirferðarlítill liðléttingur sem leysir öll helstu verk innan- sem utandyra.




Skotbómulyftarinn frá Giant hefur vakið mikla lukku hjá eigendum vegna lipurðar og lyftigetu.

## ÚRVAL AUKAHLUTA Í BOÐI

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is